

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSA starfsárið 2017-2018, 30. september 2017.

Fundurinn hófst kl. 13.15 á í Frystihúsinu á Breiðdalsvík.

Mætt voru: Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hákon Hansson, Jens Garðar Helgason, Margrét Guðjónsdóttir, Sigrún Blöndal og Stefán Grímur Rafnsson.

Aldursforseti, Hákon Hansson, setti fundinn.

Hann gerði að tillögu sinni að Sigrún Blöndal yrði kosin formaður. Það var samþykkt samhljóða. Sigrún Blöndal þakkaði traustið og tók við stjórn fundarins. Samþykkt var að í framkvæmdaráði myndu sitja Sigrún Blöndal, Jens Garðar Helgason, sem jafnframt yrði varaformaður SSA og Stefán Grímur Rafnsson.

Rætt var um heppilegan fundartíma. *Niðurstaðan var að fundir stjórnar verði 2. mánudag í mánuði og hefjist um hádegisbil. Jafnframt var ákveðið að stjórn myndi hittast næst 16. október á Egilsstöðum.*

Stjórnarmenn, sem verða í Reykjavík 4. október, munu mæta á haustfund landshlutasamtakanna, sem haldinn verður á Nordica hótelinu að loknum fundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 14.30.

Fundargerð ritaði Sigrún Blöndal

